



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Verklegt val í VA Haustönn 2022

Birgir Jónsson
Gæðastjóri

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Könnun á <i>Verklegu vali</i> í VA haustönn 2022	1
10. bekkur.....	1
Í hvaða valgreinum varst þú?	1
Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið?	1
Getur þú nefnt einhverja kosti við verknámsvalið?	2
Getur þú nefnt einhverja ókosti við verknámsvalið	5
Eitthvað annað sem þú vilt bæta við?.....	7
Forsjáraðilar nemenda í 10. bekk.....	7
9. bekkur.....	8
Í hvaða valgreinum varst þú?	8
Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið?	8
Getur þú nefnt einhverja kosti við verknámsvalið?	9
Getur þú nefnt einhverja ókosti við verknámsvalið	11
Eitthvað annað sem þú vilt bæta við?.....	12

Könnun á Verklegu vali í VA haustönn 2022

Verkefnið *Verklegt val í VA* hófst haustið 2021. Nú var komið að því að endurtaka leikinn og var ákveðið að halda sama fyrirkomulagi og árið áður. Nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar völdu sér tvær greinar sem þeir lögðu stund á eftir hádegi á fimmtudögum í alls sextán kennslustundir í hvorri grein eða í átta skipti. Einni grein var bætt við frá fyrra ári en það var myndbandsgerð. Greinarnar sem boðið var upp á voru því: Bifreiðar, Fab Lab, húð og hár, húsasmíði, málm- og véltækni, rafmagni og myndbandsgerð.

Nemendur í 10. bekk hófu leikinn og komu dagana 25. ágúst – 13. október. Í þeim hópi voru einnig nemendur úr 8. og 9. bekk úr Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla en samkensla á sér stað á unglिंगastigi í þeim skóla. Eftir að hópurinn hafði lokið við síðasta skiptið var send út könnun sem þau voru beðin um að svara. Einnig var send könnun á forsjáraðila.

Nemendur í 9. bekk komu síðan dagana 20. október – 15. desember. Á síðasta deginum voru nemendur beðnir um að svara könnuninni.

Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður könnunarinnar.

Könnunin samanstóð af sex spurningum, þremur valkostaspurningum og þremur opnum.

10. bekkur


Alls komu 50 svör frá nemendum í þessum hóp eða 77%. Aðeins bárust 14 svör frá forsjáraðilum eða 21,5% ef miðað er við að einn forsjáraðili hafi svarað fyrir hvern nemanda.

Í hvaða valgreinum varst þú?

Flestir svarenda voru í rafmagni (20), því næst í húð og hár og húsasmíði (19) og síðan Fab Lab (17). Aðeins voru fimm svarenda í myndbandsgerð en það var fámennasti hópurinn svo svörunin endurspeglar hópana ágætlega.


Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið?

Mynd 1 sýnir að töluverð ánægja var meðal nemenda í 10. bekk með valið. 70% þeirra voru annað hvort mjög eða frekar ánægð. Ekkert þeirra var óánægð.



Mynd 1. Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið? – 10. bekkur.

Þegar nemendur voru spurðir hvaða áhrif þátttaka þeirra í verkefninu hafði á áhuga þeirra á verk- og tækninámi má sjá að hjá 62% nemenda var hann alveg eins og áður en hjá 26% jókst hann. Hann minnkaði hjá þremur nemendum.



Mynd 2. Hvaða áhrif hafði þátttaka þín í verknámsvalinu á áhugaþinn á verk- og tækninámi? – 10. bekkur.

Getur þú nefnt einhverja kosti við verknámsvalið?

Í þessari opnu spurningu nefndu nemendur ýmsa kosti. Þeir koma allir hér á eftir í eigin orðum nemenda. Eins og sjá má voru helstu kostirnir að kynnst skólanum, læra nýja hluti og hitta nemendur í skólanum og úr öðrum bæjarkjörnum.

Gaman

Að hitta hina krakkana

Fékk að gera rosa flott tösku design

Já, fannst þau vera með góða aðstöðu fyrir nemenduna sem eru í verknámi.

Það var dálítið frjálst í Fab Lab

Það var mjög skemmtilegt og fræðandi og það eflði líka áhugann á því

Krakkarnir

Bifreiðir var skemmtilegt og ég var búinn snemma í myndbandsgerð

Það var gaman að vera í húð og hár, gerðum margt skemmtilegt. Myndbandsgerð var fínt líka, þú fékkst að fara fyrir :)

Ekki neitt

Það kenndi mér hluti sem ég get örugglega notað í framtíðinni

Við gátum fengið upplýsingar um dót sem við vildum verða

Það er skemmtilegt að kynna sér skólann og hitta aðra krakka

Já mjög gaman bara og skemmtilegt að gera eitthvað með hinum fjörðunum sem er gaman.

Gaman að læra

Við lærum nýja hluti

Þetta er bara fínt sko

Ég lærði að skipta á dekki á bíl

Gaman að vera í öðrum skóla

Læra og prófa meiri fjölbreytta hluti áður en maður fer í framhaldsskóla. Hjálpar að ákveða hvert við viljum fara í menntaskóla. Mjög góð leið til að hitta fólk frá öðrum fjörðum/bæjum

Maður fær að kynna sér betur hvað skólinn býður upp á og hverju maður hefur áhuga á

Þetta lét mig fatta hvað ég væri þakklát fyrir fimmtudaga þegar VA er búið, því þá er ég búin snemma

Gaman í húsasmíði og Fab Lab að prófa öll tækin

Góð leið til þess að kynna fólkinn sem er í VA og kynna því sem að VA hefur upp á að bjóða

Að fara að hitta vini sem eru ekki lengur í grunnskóla og eru í VA

Góð kynning á skólanum

Ég náði að kynna mér skólann og hluta á því verklega þar

Ég fæ að vinna með öðrum

Maður getur séð hvernig það er að vinna/læra þar

Það er góð leið til þess að kynna verknám fyrir grunnskólanemendum

Það var gaman að sjá hvernig allt virkar í VA

Við lærum hluti sem við lærum ekki í grunnskóla

Maður kynntist verknáminu betur

Þetta er reynsluríkt

Nei ég get það ekki

Þú kynntist fleiri krökkum

Ekkert

Maður er með grunn á því hvernig er að vera í VA

Nei

Nei

Samskipti

Þetta var alveg gaman

Yes I learned a lot

Fékk að hitta aðra krakka frá fjörðunum

Það var hægt að læra að sjóða og í hár og húð þá lærði ég að gera permanent og krullur og vöflur

Rafmagn er skemmtilegt ég lærði mjög mikið af því.

Getur þú nefnt einhverja ókosti við verknámsvalið

Nemendur voru einnig beðnir um að nefna einhverja ókosti við verknámsvalið. Hér má sjá þau svör í eigin orðum nemenda. Flestir nefna að dagarnir voru dálítið langir. Valið var til 15:30 og eftir það tók við heimferð sem var mislöng fyrir nemendur.

Veit ekki

Nei þetta var geggjað

Hafði ekki mikið að gera í húsasmíði

Held við vorum soldið mörg í báðum verknámstímunum mínum því fólk vildi alltaf skipta

Veit ekki alveg hvað ég gæti nefnt

Nei

Ekkert

Það var smá leiðinlegt í myndbandsgerð

Ekkert við húð og hár. Ég hafði engan tíma til að gera hlutina fyrir myndbandsgerð útaf æfingum og vinnu

Kennari að tjá sig yfir einhverju sem ég gerði ekki einu sinni

Gerðum sumt það sama og á síðasta ári

Við vorum bara í tveim

Við erum búin svo seint

Eiginlega ekki bara að það var ekki lengur

Ekki mikið

Sumir tóku allt of langan tíma svo hinir þurftu að bíða, sumir hlutir tóku þá lengur en fjóra tíma

Nei get það ekki lol

Ég fékk að búa til límmiða

Vera frekar mjög lengi í skólanum

Að þurfa að keyra alla leið á Neskaupsstað og koma til baka seint. Sum völ voru ekki það skemmtileg og nennti ekki. Bifreiðar má alveg vera meira verkefni það voru bara glærukynningar meiri hlutann.

Það var sama nám í valfögunum og á seinasta skólaári

Langt

Þetta var soldið langt, sem lét okkur ekki langa að mæta því þetta var svo seint

Kominn heim mjög seint

Við vorum allt of lengi í skólanum og erum að vinna það upp núna þannig að við erum lengi í skólanum alltaf

Hvað sumt fólk var bara að fara illa með hluti í VA

Dagurinn var of langur

Það olli því að við vorum komin mjög seint heim á fimmtudögum og annars líkaði mér mjög vel við verkgreinarnar sem ég valdi

Leiðist auðveldlega

Stundum vissi ég ekkert hvað ég var að gera

Búinn í skólanum 15:30

Helsti ókosturinn var að maður komst inn í val sem maður valdi ekki og hafði ekki áhuga á

Það var mjög lengi á daginn

Já ég get það

Að þú getir ekki t.d. ekki verið í tvo tíma í smíðum

Maður er búinn svo seint í skólanum og þetta er allt of langt

Já þetta er eiginlega aðeins of langt

Nei

Hundleiðinlegt

Vorum að gera það sama og á síðasta árið

It was kinda boring

Var alltaf kominn seint heim

Það voru ekki neinir ókostir

Sumir kennarar eru pirrandi

Eitthvað annað sem þú vilt bæta við?

Í lokin var opin spurning þar sem nemendum gafst tækifæri á að bæta einhverju við. Fæstir gerðu það en einhverjir lýstu þakklæti með verkefnið.

Forsjáraðilar nemenda í 10. bekk

Eins og fyrr segir voru 14 forsjáraðilar nemenda í 10. bekk sem svöruðu. Það var svipaður háttur hafður á og í nemendakönnuninni, sex spurningar, þrjár valkosta og þrjár opnar. Hér verður farið yfir niðurstöðurnar í stuttu máli.

13 forsjáraðilar voru mjög eða frekar ánægðir með að boðið var upp á þetta verkefni og einn frekar óánægður.

Þegar kom að því að nefna kosti við valið þá var helst nefnt að þetta væri góð kynning fyrir verklegt nám, nýjir spennandi námskostir og það að kynnst nemendum frá öðrum bæjarkjörnum.

Þegar kom að ókostunum var nefnt að fjölbreytnin hefði mátt vera meiri, einn forsjáraðili myndi ekki eftir að hafa fengið upplýsingar um hvað krakkarnir gátu valið eða hvenær valið var og einn hvatti til þess að setja af stað vinnu við að hvetja stelpur til að fara í rafmagn og málm og stráka í hárið til að kynna sér þessar greinar með það fyrir augum að leiðrétta kynjaskekkju í greinunum.

11 forsjáraðilar töldu að þátttaka í valinu hafi aukið áhuga nemenda á verk- og tæknigreinum og þrír töldu hann vera alveg eins og áður.

Allir svarendur töldu að verkefnið væri eitthvað sem ætti að halda áfram með.

Í lokin stóð til boða að bæta einhverju við og voru sjö sem gerðu það. Flestir lýstu miklu þakklæti fyrir að bjóða upp á verkefnið og einn nefndi að nemandinn hefði viljað fá að gera meira eftir að verkefninu var lokið.

9. bekkur


Alls komu 41 svar frá nemendum í þessum hóp eða 64%.

Í hvaða valgreinum varst þú?

Flestir svarenda voru í húð og hár (16), því næst rafmagni og bifreiðum (13). Aðrar greinar voru með átta til tíu svör.


Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið?

Mynd 3 sýnir að töluverð ánægja var meðal nemenda í 9. bekk með valið. 75,6% þeirra voru annað hvort mjög eða frekar ánægð. Fimm nemendur voru frekar eða mjög óánægðir.



Mynd 3. Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið? – 9. bekkur.

Þegar nemendur voru spurðir hvaða áhrif þátttaka þeirra í verkefninu hafði á áhuga þeirra á verk- og tækninámi má sjá að hjá 63,4% nemenda varð hann meiri og hjá 29,3% var hann alveg eins og áður. Hann minnkaði hjá þremur nemendum.



Mynd 4. Hvaða áhrif hafði þátttaka þín í verknámsvalinu á áhugaþinn á verk- og tækninámi? – 9. bekkur.

Getur þú nefnt einhverja kosti við verknámsvalið?

Í þessari opnu spurningu nefndu nemendur ýmsa kosti. Þeir koma allir hér á eftir í eigin orðum nemenda. Líkt og hjá nemendum í 10. bekk voru helstu kostirnar að kynna skólanum, læra nýja hluti og hitta nemendur úr öðrum bæjarkjörnum.

Nei

Kann að taka upp

Kennararnir eru skemmtilegir og ég lærði helling

Lærðum allskonar leiðir til að takka upp flottari vídjó og síðan að það er flottara að hafa margar klippur

Hægt að læra nýja hluti, gaman með vinum, hitta nýtt fólk o.fl.

Þetta var gaman

Sumir kennarar skemmtilegir

Það var gaman að gera eitthvað nýtt

Mjög frumleg verkefni

Fræðilegt

Læra á hitajárn og læra að búa til koll

Læra að gera krullur

Ég fékk að smíða koll

Lærði margt

Maður fær að prófa eitthvað nýtt

Það var skemmtilegt

Já ég get gert það

Það var ágætt í hárgreiðslu

Ég var að læra einhvað nýtt

Maður getur lært hvað þú hefur áhuga á kannski fyrir vinnu í framtíðinni

Vinnuna

Skemmtilegt

Gaman að fikta með rafmagn

Ég lærði margt

Það er gaman að gera hluti í Fab Lab

Kennararnir eru rosalega skemmtilegir 👍

Classes were very interesting

Bara skemmtilegt

Ég lærði hvernig maður gerir fastar fléttur

Kynnast skólanum og hitta krakkana frá öðrum fjörðum hvaða tímar eru í boði

Getur þú nefnt einhverja ókosti við verknámsvalið

Nemendur voru einnig beðnir um að nefna einhverja ókosti við verknámsvalið. Hér má sjá þau svör í eigin orðum nemenda. Flestir nefna að dagarnir voru dálítið langir. Valið var til 15:30 og eftir það tók við heimferð sem var mislöng fyrir nemendur.

Nei

Of stutt

Þetta er til hálf 4

Valið er einum of langt og tímar verða smá leiðinlegir eftir smá tíma

Veit ekki

Sumir ekki

Tímamót voru smá stutt

Nei

Leiðinlegt í bifreiðum

Gera ekki neitt

Rafmagnsbílar

Það var verulega leiðinlegt í bifreiðum vorum bara að hlusta á glærukyningu

Myndbandsvalið var leiðinlegt

Ja, við erum komin heim kl 4 og aðrir krakkar þá klukkan 5 í mesta lagi, í fyrsta valinu mínu var ég í bifreiðum og ég var ekki að læra neitt því hann var bara að tala um bíla og lét eins og við áttum að vita allt um bíla

Við gerðum mjög lítið við bíla í bifreiðadótinu

Það var ekki nógu verklegt í bifreiðum

Já ég get gert það

Það var ekki mjög gaman í rafmagnsfræði

Ekkert var leiðinlegt sko

Nei

Ekki neitt

Ekkert að gera í myndbandsgerð

Það eru engir ókostir í þessu verknámsvali, finnst mér.

Eitthvað annað sem þú vilt bæta við?

Í lokin var opin spurning þar sem nemendum gafst tækifæri á að bæta einhverju við. Fæstir gerðu það en einhverjir lýstu þakklæti með verkefnið.